

H/f. Shell á Íslandi til heimilis við Skerjafjörð í Sel-  
tjarnarneshreppi og Steingrímur Arason til heimilis á Viðímýri gjöra  
hjer með svohljóðandi

s a m n i n g :

H/f. Shell látur setja bensindölu með neðanjarðar geymi á  
Viðímýri til afnota við bensinsölu. Neðanjarðar geymirinn skal rúma  
ca. 4000 litra af bensini.

Steingrímur Arason skuldbindur sig til að annast sölu á  
bensini frá dölu þessari í umboð h/f. Shell og skal hann jafnan vera  
þar viðbúinn til að afhenda bensin þeim er kynnu að vilja kaupa.  
Jafnframt skuldbindur Steingrímur sig til að selja bifreiðaliur í  
umboðssölu fyrir h/f. Shell er það kann að senda honum í tunnum eða  
dúkkum. Ef Steingrímur getur eigi sjálfur verið viðstaddur við sölu,  
skal hann skyldur að hafa þar annan hofan mann í sinn stað, á sinn  
kostnað.

Umboðsmaðurinn fær 3-þrjá- auru í söluáun, fyrir hvern liter  
af bensini er hann selur frá dölu og 15%-fimmtán af hundræði- af  
andvirði bifreiðaliunnar og fær hann það greitt um leið og andvirði  
bensinsins eða oliunnar kemur í hendur h/f. Shell.

H/f. Shell sjer um flutning á bensini að dölunum, en um-  
boðsmaðurinn skal aðstoða við að fylla neðanjarðargeymirinn, eða gjöra  
það einn, eftir atvikum.

Fari svo að umboðsmaðurinn verði einhverntíma að geyma bensin-  
birgðir fyrir h/f. Shell, til áfyllingar í neðanjarðargeymirinn, skal  
honum skylt að gjöra það, endurgjaldslaust, nema um beinan kostnað af  
því verði að ræða. H/f. Shell annast viðhald á dölunni og geymirnum  
á sinn kostnað. Þó ber umboðsmaðurinn ábyrgð á tjóni sem orsakast  
kann af vangeymslu hans eða hans manna.

Umboðsmaðurinn má eigi selja eða aðstoða á nokkurn hátt við  
sölu á bensini eða bifreiðaliurum frá öðrum en h/f. Shell á Íslandi  
og getur fjelagið tekið af honum söluumboðið fyrirvaralaust ef hann  
gjörir sig sekan í slíku, svo getur fjelagið og krafði hann skaðbóta  
samkvamt lögum, ef því þykir ástæða til.

Umboðsmaðurinn ber ábyrgð á þeim birgðum, er koma í hans  
vörslur til umboðssölu samkvamt framansögðu, gagnvart h/f. Shell,  
nema á skemdu er orsakast kunna af ástæðum sem eru umboðsmanninum  
eða þeim er hann setur í sinn stað óviðráðanlegar. Hann ber enn fremur

ábyrgð á skilvísri greiðslu á andvirði þeirra vara er hann selur samkvamt samningi þessum.

Umboðsmaðurinn skal hafa sjerstakt bókhald yfir allt er hann selur og alla peninga er inn til hans koma skal hann láta í sjerstakan kassa og afhenda þá h/f. Shell Hafnóðum eða leggja þá inn í banka svo fljótt sem honum er auðið á nafn h/f. Shell á Íslandi. Geti umboðsmaðurinn hvorki afhent peningana þegar í stað eða lagt þá inn í banka þannig, að honum þyki tryggt, ber honum að senda þá jafnóðum í ábyrgðarbrjefi til h/f. Shell á Íslandi. Umboðsmaðurinn skal og senda fjelaginu skilagrein yfir sölu sína, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði hverjum.

Umboðsmanninum er skylt að sjá um að vörur þær er hann fær til umboðesölu samkv. samningi þessum blandist á engan hátt saman við eignir hans.

Umboðsmanninum er skylt, hvener sem fjelagið, eða einhver með umboð frá því, krefst þess, að sýna þakur sínar, kassa og fyrirliggjandi bensinbirgðir, til rannsóknar og getur fjelagið sagt honum upp samningi þessum fyrirvaraust, ef hann neitar slíku, eða hindrar það á nokkurn hátt.

Samningi þessum má segja upp með 3ja mánaðafyrirvara. Eannfremur getur fjelagið sagt honum upp fyrirvaraust, ef umboðsmaðurinn rýfur samninginn að einhverju leyti, eða ef hann verður gjaldþrota.

Rísi mál út af samningi þessum má reka þau fyrir gestarjetti Reykjavíkur.

Samningur þessi er gjörður í tveim samhljóða frumritum og heldur hvor aðilja sínu eintaki.

Til staðfestu rita aðiljar nöfn sín hjer undir í viðurvist 2ja vitundarfotta.

Vitundarfottar að undirskrift  
H.F. Hallgrímssonar

*Hannveig Jónsson*  
*Adm. S. Jónsson*

Vitundarfottar að undirskrift  
Steingrims Áresonar

*Þyngvinn Jónsson*  
*Sig. Þjörnsson*

Reykjavík, 23. mars 1929

*H/F "SHELL" ÍSLANDI*  
*H.F. Hallgrímsson*

Viðimýri, 30. apríl 1929

*Steingr. Áreson*

LÓÐARSAMNINGUR

Jeg undirritaður Steingrímur Arason til heimilis Viðimýri viðurkenni hjermeð að hafa selt H/f. "Shell" á Íslandi til heimilis Skildinganesi við Skerjafjörð á leigu lóð undir bensín dælu með neðanjarvar geymi á landi mínu á Viðimýri að stærð 10 fermetrar. Í leigunni er rjettur til að grafa fyrir geyminum og ganga frá honum á þann hátt er leigutaka þykir við þurfa.

Leigan er Kr. 50.00-rímatfukrónur- fyrir hvert ár og greiðist eftir á í lok hvers árs.

Rísi mál útaf samsingi þessum má reka þá fyrir gestarjetti Reykjavíkur.

Undirritað H/f. "Shell" á Íslandi er samþykkt framanrituðum atriðum, og rita aðiljar nöfn sín hjer undir í votta viðurviat til staðfestu samningnum.

Reykjavík, 3. apríl 1929

Vitundarvottar að undirskrift  
H.F. Hallgrímsson:

*Eggerðsson*  
*Þjorn Björnsson*

H/F "SHELL" A ISLANDI  
*H.F. Hallgrímsson*

Viðimýri, 30. apríl 1929

*Steingrímur Arason*

Vitundarvottar að undirskrift  
Steingrímur Arasonar:

*Þjorn Björnsson*  
*Sig. Björnsson*